

Bókafundur Betadeildar fimmtudaginn 12. janúar 2012 kl. 19:30.

Fundarstaður: Eikarlundur 10, heimili Önnu Þóru Baldursdóttur.

Mættar voru 17 félagskonur úr Beta deild.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Lestur fundargerða
3. Orð til umhugsunar
4. Bókakynning
5. Veitingar
6. Happdrætti
7. Önnur mál

1. **Setning fundar.** Þorgerður formaður Betadeildar setti fund og Anna Jóhannesdóttir kveikti á kertum. Þorgerður bar kveðjur frá fjarverandi konum úr Beta deild og kom svo lítillega inn á mistök ritnefndar vegna haustskýrslu deilda.
2. **Lestur fundargerða.** Lesnar voru upp tvær fundargerðir og voru þær bornar upp til samþykktar. Þorgerður las fundargerð frá 18. október 2011 og Jónína las fundargerð frá 30. nóvember 2011. Ástæða þess að tvær fundargerðir voru lesnar upp núna er sú að ákveðið var að geyma lestur fundargerðar á jólafundi þar sem konur úr Mý deild mættu sem gestir. Eftir lesturinn komu tvær ábendingar. Rætt var um að gott sé að það komi fram í fundargerðum við hvaða skóla nýjar konur starfa og hvert starfsheiti þeirra er. Einnig var rætt um mikilvægi þess að skipa nýjar konur í stjórn Elísabetarsjóðar. Ákveðið var að afgreiða það mál á aðalfundi Betadeildar í vor.
3. **Orð til umhugsunar.** Guðrún Björnsdóttir byrjaði á því að lýsa yfir ánægju sinni með samveru kvenna í Betadeild. Hún deildi því líka með Betakonum að hún læsi mikið og hefur ætíð gert. Guðrún tengir ætíð saman jól, bækur og konfekt. Hún rifjaði upp fyrstu jól sín og manns síns auk eldri systur. Guðrún var ekki mjög þjálfuð í eldamennsku en réðist í það stórvirki að elda rjúpur og fékk til þess góð ráð frá tengdamóður sinni. Hún henti þó öllu soðinu af rjúpunum og hafði því ekkert soð í sósu, þó bjargaðist máltíðin. Þegar farið var að opna pakkana var ekki ein bók í pökkunum til Guðrúnar heldur fékk hún eingöngu hagnýt tæki og tól til heimilisins. Bæði sósugerðin og bókaleysið fékk Guðrúnu til að bresta í grát en eftir þessi jól hefur bóndinn séð til þess að hún fái bók í sína pakka.
4. **Bókakynning.** Björk Sigurðardóttir tók nú við fundarstórn en í fyrsta sinn er nýtt form reynt þar sem undirbúningshópur stýrir fundi en ekki stjórn. Hver kona sagði frá einni bók sem hún hafði lesið nýlega og voru bækurnar sem kynntar voru jafn fjölbreyttar og önnur ár. Vísað er til bókalista frá bókafrundi 2012 á heimasíðu Betadeildar.
5. **Veitingar.** Gert var hlé á bókakynningu til að njóta góðra veitinga í boði Jórunnar Elísdóttur, Halldóru Haraldsdóttur og Jóhönnu Þorsteinsdóttur.
6. **Happdrætti.** Jóhanna Þorsteinsdóttir hlaut vinning að þessu sinni.
7. **Önnur mál.** Ákveðið að lesa bækurnar Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur og Húshjálpin eftir Kathryn Stocker fyrir leshring í mars. Einnig var rætt stuttlega um bækur Guðrúnar frá Lundi. Minnt var á vorþing samtakana sem verður 28. apríl í Þjóðminningahúsinu og hvaða konur eru í næsta undirbúningshóp og kaffinefnd.

Þorgerður sleit fundi kl. 22:00.

Ritari: Jónína Hauksdóttir